

Vinnsla og vörupróun
Processing and Product
Development

Líftækni
Biotechnology



Matvælaöryggi
Food Safety



Lífríki í hverum við Kröflu og Námafjall

Unnið fyrir Orkustofnun vegna Rammaáætlunar

Sólveig K. Pétursdóttir
Snædís Björnsdóttir
Sólveig Ólafsdóttir
Guðmundur Óli Hreggviðsson

Líftækni

Skýrsla Matís 02-08
Febrúar 2007

ISSN 1670-7192

Titill / Title	Lífriki í hverum við Kröflu og Námafjall		
Höfundar / Authors	Sólveig K. Pétursdóttir, Snædis Björnsdóttir, Sólveig Ólafsdóttir og Guðmundur Óli Hreggviðsson		
Skýrsla / Report no.	02 - 08	Útgáfudagur / Date:	Febrúar 2008
Verknr. / project no.	23131016		
Styrktaraðilar / funding:	Orkustofnun vegna Rammaáætlunar / National Energy Authority		
Ágríp á íslensku:	<p>Þessi rannsókn á lífríki í hverum á hverasvæðunum við Kröflu og Námafjall er fjórði áfangi verkefnisins um lífríki á hverasvæðum á Íslandi sem er hluti af Rammaáætlun um nýtingu á vatnsafla og jarðvarma á háhitasvæðum. Þegar hefur verið skilað niðurstöðum úr sambærilegum rannsóknum á Hengilssvæði (2005), Torfajökulssvæði (2006) og Krisuvík (2007).</p> <p>Alls voru tekin um 20 sýni af vökva, jarðvegi eða lífmassa og tókst að greina tegundasamsetningu í 13 þeirra með hlutaraðgreiningu á 16S rRNA. Ríkjandi tegundir í Kröflusýnum voru frumbjarga og efnatillífandi af fylkingum <i>Aquificae</i> og β-<i>Proteobacteria</i>. Sýni úr Jarðbaðshólum voru fjölbreyttari og greindust til fylkinga <i>Actinobacteria</i>, <i>Acidobacteria</i>, <i>Firmicutes</i>, ljóstillífandi <i>Cyanobacteria</i> og <i>Deinococcus-Thermus</i>. Í ljósi þess hve gerð sýna og sýnatökustaðir voru fjölbreyttir kom ekki á óvart að tegundasamsetning væri mismunandi. Flestar tegundir sem fundust er einnig að finna á öðrum hverasvæðum í heiminum.</p> <p>Nýjar bakteríutegundir fundust í nokkrum sýnum, m.a. frumbjarga <i>Hydrogenobacter</i> tegund í sýni úr afrennsli frá skiljustöð við Kröflu. Ennfremur fundust tvær nýjar tegundir β-<i>Proteobacteria</i>. Þrjár nýjar tegundir γ-<i>Proteobacteria</i> fundust, ein í Grjótagjá, önnur í jarðvegssýni við gufuauga í Jarðbaðshólum og sú þriðja í afrennislæk í Kröflu. Ný tegund af <i>Meiothermus</i> ættkvísl fannst í Jarðbaðshólum og að lokum ein fjarskyld (92%) <i>Thermus</i> tegund. Einn stofn náskyldur ($\geq 98\%$) tegundinni <i>Thermus aquaticus</i> fannst í sýni af Kröflusvæðinu, en þessi tegund hefur verið talin einlend í Bandaríkjunum.</p> <p>Líffræðilegur fjölbreytileiki í sýnunum var áætlaður á bilinu 1,0 - 5,8 á skalanum 1-10, en algengt er að gildið sé á bilinu 1-2 í sýnum úr jaðarvistkerfum þar sem umhverfisálag er mikið. Gildið var afar lágt í nokkrum sýnum í rannsókninni, eða 1,04 í jarðvegssýni úr Suðurhlíðum Kröflu, 1,2 í vökvasýni úr afrennislæk í Kröflu, 1,0 í leirhver við Víti og 1,1 í vökvasýni úr Bláa lóninu í Bjarnarflagi. Líffræðilegur fjölbreytileiki var talsvert hærri í sýnum úr Grjótagjá (3,4) og Jarðbaðshólum (4,8-5,2) sem kemur ekki á óvart þar sem umhverfisáðstæður voru hagstæðari fleiri tegundum.</p> <p>Vatnssýni úr hverum voru skönnuð fyrir 72 frumefnum (ICP_MS). Vonir eru bundnar við að í framtíðinni verði hægt að tengja saman frumefnamælingar við niðurstöður úr tegundasamsetningu í sýnum.</p>		
Lykilorð á íslensku:	lífríki í hverumi, tegundasamsetning, ríkjandi tegundir, nýjar tegundir, líffræðilegur fjölbreytileiki, frumefnamælingar.		

Summary in English:

This project on microbial diversity in hot springs in the Krafla and Namafjall geothermal areas is within the Framework of Utilization of Geothermal power of high temperature geothermal areas in Iceland. Other areas studied so far are the Hengill area (2005), Torfajökull area (2006) and Krísuvík area (2007).

Twenty samples were taken from liquid, soil or biomass. Partial sequencing of 16S rRNA genes from the samples was used to estimate species composition in the samples. Species composition was estimated in 13 samples. Dominating species within the Krafla samples were chemolithoautotrophic species of *Aquificae* and β -*Proteobacteria* phyla. In Jarðbaðshólar samples, the species were more diverse and belonged to the *Actinobacteria*, *Acidobacteria*, *Firmicutes*, *Cyanobacteria* and *Deinococcus-Thermus* phyla. This was not surprising as sample types and sample sites were diverse in character. Most species found in this study were known from other geothermal areas in the world.

Novel species were found in several samples: A chemolithoautotrophic *Hydrogenobacter* species was found in an effluent from the powerplant in Krafla. Two new species of β -*Proteobacteria* were also found in the samples. Three novel species of γ -*Proteobacteria* were found, one in Grjótagjá, one in Jarðbaðshólar and one in the Krafla effluent. A novel species of the genus of *Meiothermus* was found in Jarðbaðshólar. Finally one species, a distant (92%) relative of *Thermus spp.* A close ($\geq 98\%$) relative of *Thermus aquaticus* was found in one sample from the Krafla area, but this species has hitherto been confined to the USA.

A biodiversity index of the samples was calculated between 1,0-5,8, but a value of 1-2 is common in samples from extreme ecosystems where environmental pressure is high. This value was quite low in several samples i.e. 1,04 in a soil sample from the southern hills of Krafla, 1,2 in a liquid sample from the Krafla effluent, 1,0 in a geothermal mudsample from Víti and 1,1 from a liquid sample from the Blue Lagoon in Bjarnarflag. Calculated biodiversity index in samples from Grjótagja and Jarðbaðshólar was considerably higher which is not surprising as environmental conditions were favourable to a higher number of species.

Water samples from hot springs were scanned semi quantitatively for 72 elements and analyzed with ICP-MS. In the future we hope to be able to connect data from element analysis to results of species composition.

English keywords:

Microbial diversity, species composition, dominating species, new species, biodiversity index, elements analysis.

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	1
2. FRAMKVÆMD	3
2.1 Sýnataka	3
2.2 Mælingar á sýnum.	3
2.2.1 Frumefnamælingar á vökvásýnum.	3
2.3 Einangrun á DNA	3
2.3.1 Lífmassasýni	3
2.3.2 Jarðvegssýni	3
2.3.3 Sýni af vökva og yfirborðsbrák	4
2.4 PCR á 16S rRNA geninu	4
2.5 Klónun og raðgreining	4
2.6 Ákvörðun á tegundasamsetningu í sýnum	4
2.7 Skyldleikatré	5
2.8 Líffræðilegur fjölbreytileiki	5
2.9 Ræktun, einangrun og tegundagreining baktería úr Jarðbaðshólasýnum.	5
3. NIÐURSTÖÐUR	6
3.1 Sýnataka á Kröflusvæðinu	6
3.1.1 Lækur – affall frá skiljustöð	7
3.1.2 Suðurhlíðar Kröflu (SH)	8
3.1.3 Hvítur lækur – afrennsli frá kæliturnum (HL)	8
3.1.4 Víti (V)	9
3.2 Sýnataka við Námafjall og Bjarnarflag	10
3.2.1 Hverir (HV)	11
3.2.2 Bjarnarflag lón	12
3.2.3 Brennisteinsflag	13
3.2.4 Jarðbaðshólar	13
3.2.5 Grjótagjá og Stóragjá	15
3.3 Mælingar	16
3.4 Niðurstöður erfðagreininga á sýnum	18

3.5.1 Aquificae	27
3.5.2 β -Proteobakteriur	28
3.5.3 γ -Proteobakteriur	29
3.5.4 Deinococcus-Thermus	30
3.6 Líffræðilegur fjölbreytileiki	31
4. UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR	33
5. ÞAKKARORÐ	35
6. HEIMILDIR	36

1. INNGANGUR


Samkvæmt verkefnissamningi milli Orkustofnunar og Mátis-Prokaria sem undirritaður var sumarið 2007 er nú unnið að fjórða áfanga verkefnisins um lífríki á hverasvæðum á Íslandi, en verkefnið er hluti af Rammaáætlun um nýtingu á vatnsafla og jarðvarma. Fyrsti áfangi fól í sér greiningu á lífríki hvera á Hengilssvæðinu og var skýrslu skilað þar um árið 2005 (Viggó Þór Marteinsson o.fl., 2005). Annar áfangi fól í sér greiningu á lífríki hvera á Torfajökulssvæði og var skýrslu skilað þar um í janúar 2006 (Sólveig K. Pétursdóttir o.fl. 2006). Þriðji áfangi fól í sér samskonar greiningu á lífríki hvera á Krisuvíkursvæðinu (Sólveig K. Pétursdóttir o.fl. 2007). Núverandi áfangi felur í sér sambærilega rannsókn á lífríki hvera á háhitasvæðunum í Kröflu og Námafjalli. Fyrirhugað er að taka fyrir eitt jarðhitasvæði til viðbótar á árinu 2008 og hefur Vonarskarð verið nefnt í því sambandi. Í lok Rammaáætlunar, árið 2009 er ætlunin að taka saman þau gögn sem aflað hefur verið í ofangreindum og sambærilegum verkefnum og freista þess að greina nokkra heildarmynd af lífríki í hverum á Íslandi.

Almennt hefur verið talið að hitastig og sýrustig ráði mestu um það hvaða tegundir geti lifað á hverjum stað. Á síðari árum hefur þó verið bent á að fleiri þættir kunni að ráða talsverðu um tegundasamsetningu í hverum. Rannsókn var gerð á hverum með áþekka eiginleika hvað varðaði sýrustig og hitastig í þjóðgarðinum Yellowstone í Bandaríkjunum og kom í ljós að tegundabreytileiki milli „samskonar“ hvera var umtalsverður. Þar bentu menn því á nauðsyn þess að mæla aðra jarðefnafræðilega þætti (Blank, C.E. og félagar, 2002). Í reynd má segja að þessi nálgun eigi vaxandi fylgi að fagna víða um heim og má sjá þess merki í nýlegum greinum um tegundasamsetningu og vistfræði hvera sérstaklega í Yellowstone þjóðgarðinum en einnig víðar. Aukin vitneskja um efni og efnasambönd í nánasta umhverfi hveraörveranna eykur líkur á að hægt verði að einangra og rækta fleiri tegundir á kerfisbundinn hátt. Í ljósi þessa og í samráði við Hákon Aðalsteinsson á Orkustofnun, sem er verkefnisstjóri verkefna sem unnin eru fyrir Orkustofnun vegna Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, var höfð nokkur samvinna við jarðefnafræðinga á Jarðvísindastofnun í Krisuvíkurvefningu á síðasta ári. Markmiðið var að nálgast viðfangsefnið á þverfaglegan hátt og reyna að sjá hvaða jarðefnaþættir hafa áhrif á tegundasamsetningu í hverunum og hvaða ferlar eru þar í gangi, lífrænir og ólífrænir. Samvinnan er þó enn á frumstigi og verður gerð grein fyrir niðurstöðum og túlkunum þar um sérstaklega í lok verkefnisins. Þess ber að geta að Mátis hefur nú yfir að ráða tæki til að mæla frumefni í vatnssýnum og eru vonir bundnar við að innan tíðar megi tengja saman niðurstöður mælinga á frumefnum í vatnshverum og tegundasamsetningu í þeim.

Dreifkjarna örverur eru einu lífverurnar sem geta lifað í heitum hverum. Hámarksvaxtarhitastig heilkjarna örvera er talið vera um 57°C (*Cyanidium caldarium*), en dreifkjarna örvera 113°C. Dreifkjarna örverur flokkast til tveggja ríkja lífheimsins þ.e. til raunbaktería (*Eubacteria*) og fornbaktería (*Archaea*). Þær síðarnefndu eru almennt séð hita- og sýruþolnari en þær fyrrnefndu. Innan beggja hópa er fjöldi tegunda sem gegna mismunandi hlutverki í vistkerfum hvera. Frumbjarga tegundir leggja grunninn að öðru lífi sem finnst í vistkerfinu. Þessar tegundir eru ýmist ljóstíllífandi blágrænar bakteríur sem nýta sólarorku til að binda kolefni úr koldíoxíði eða efnatíllífandi bakteríur sem fá orku úr oxun á vetni eða brennisteinsvetni og geta bundið ólífrænt kolefni. Aðrar tegundir vistkerfisins eru ófrumbjarga og þurfa því lífrænt kolefni sem frumbjarga tegundir sjá þeim fyrir.

Notkun sameindalíffræðilegra aðferða við greiningar á tegundasamsetningu mismunandi vistkerfa hefur fleygt fram á síðustu árum. Í dag er hægt að greina tegundasamsetningu í blönduðum sýnum án þess að undangengin ræktun sé skilyrði. Sífelld þróaðri tækjakostur gerir kleift að greina tegundasamsetningu í sýni á tiltölulega skömmum tíma. Í ljós hefur komið að lífheimur örveranna er miklum mun fjölbreyttari en talið var. Urmull af áður óþekktum tegundum hefur komið í ljós, en jafnframt hefur fengist staðfesting á því að einungis hefur tekist að rækta örlítið brot af þeim örverutegundum sem raunverulega finnast í lífheiminum. Þróun nýrra ræktunaraðferða og vaxandi þekking á mismunandi lífsferlum auka þó líkurnar á því að með tímanum takist að einangra og greina fleiri tegundir. Sameindalíffræðilegu aðferðirnar fela í sér raðgreiningu á tegundagreinanderi geni -16S rRNA. Á síðustu árum hafa menn raðgreint genið bæði úr ræktuðum örverum og blönduðum lífmassa. Vísindamenn víða um heim hafa með tímanum myndað gríðarlega stóran gagnagrunn sem hýsir 16S rRNA genaraðir víðsvegar að. Þessi grunnur “Genbank” hefur nýst sérlega vel til viðmiðunar þegar greina á bakteríu til tegundar, eða tegundasamsetningu baktería í sýni.

Jarðhitasvæðið í Kröflu er í gamalli öskju sem er klofin í tvo helminga. Jarðhiti og jarðhitamerki eru á beltum sem liggur þvert á, í öskjunni miðri. Hverir eru í eystri helmingi öskjunnar og gjástykkinn. Helsta einkenni jarðhitasvæðisins eru sprengigígarnir, t.d. Víti. Kröflusvæðið er háhitasvæði með kröftug gufuaugu, bullandi leirhverir og brennisteinsútfellingar (www.os.is).



Námafjallssvæðið er um 4 km sunnan við Kröflu-öskjuna. Austan við Námafjall eru leir- og gufuhverir þar sem heitir Hverarönd, eða Hverir. Sunnan Kröflu dregur úr virkninni, en hún tekur sig upp aftur með gossprungum í umhverfi Bjarnarflags og í Námafjalli að vestan. Vestur og suður frá Bjarnarflagi gufar víða upp úr hraununum. Þar leggur eim upp af heitum grunnvatnsstraumi sem liggur til Mývatns (www.os.is). Mynd 1 sýnir yfirlitskort af Kröflu og Námafjalli.

Mynd 1. Yfirlitskort sem sýnir Kröflu og Námafjall (www.os.is)

Í þessari rannsókn voru sýni tekin víða af jarðhitasvæðum við Kröflu og Námafjall og einnig úr manngerðum lækjum við Kröflu sem þóttu áhugaverðir út frá sjónarhóli hveralíffræðinnar, þar sem þar eru aðstæður sem finnast yfirleitt ekki við náttúrulegar aðstæður. Frumefnamælingar voru gerðar á vökvásýnum, en þær eru hinar fyrstu sem gerðar eru á hveravatni á vegum Matís. Tegundasamsetning var ákvörðuð í sýnunum með sameindalíffræðilegum aðferðum. Samanburður var gerður á tegundasamsetningu og hlutföllum einstakra tegunda milli sýna og greint frá áður óþekktum tegundum. Líkur voru leiddar að vistfræðilegu hlutverki helstu tegunda eða hópa.

2. FRAMKVÆMD

2.1 Sýnataka

Sýni voru tekin víðsvegar á Kröflusvæðinu og einnig í Jarðbaðshólum, Bjarnarflagi og Grjótagjá. Sýnin voru bæði af náttúrulegum og manngerðum sýnatökustöðum. Reynt var að ná sem fjölbreyttustum sýnagerðum, þ.e. af jarðvegi, vökva og sýnilegum lífmassa. Einnig var reynt að ná sýnum af stöðum með mismunandi hitastig og sýrustig. Sýnin voru tekin í dauðhreinsuð ílát og komið fyrir í kæli eins fljótt og unnt var. Vinna hófst við sýnin daginn eftir að sýnatökuferð lauk.

2.2 Mælingar á sýnum.

Mælingar voru gerðar á sýrustigi og hitastigi. Mælingar voru endurteknar á sýrustigi á rannsóknastofunni. Leiðni var mæld í vökvasýnum á rannsóknastofu Matís.

2.2.1 Frumefnamælingar á vökvasýnum.

Mælingar voru gerðar á 72 frumefnum í vökvasýnum sem tekin voru. Kranavatn frá Matís var haft til samanburðar. Sýnin voru skönnuð í ICP-MS greini með aðferð sem er hálfmagnbundin (semi-quantitative). Aðferðin gefur fyrsta mat á frumefnasamsetningu í óþekktu sýni. Hér er þó lögð áhersla á að niðurstöðum verður að taka með fyrirvara um skekkju allt að +/- 25%.

2.3 Einangrun á DNA

2.3.1 Lífmassasýni

Lífmassinn var „homogeniseraður“ með því að hrista og hræra sýnið. Því næst voru teknir u.þ.b. 2 mL af lífmassasýni og leystir upp í sama rúmmáli af TE buffer. Því næst var DNA einangrað úr sýninu með phenol-chloroform aðferð (4 mL Phenol settir út í, hrist rólega í 5 mín, og spunnið í skilvindu í 5 mín við 4.500 rpm. Vatnsfasi hirtur ofan af og phenol hreinsun endurtekin, spunnið og vatnsfasi hirtur. Sama rúmmál af blöndu af Chloroform – isoamylalcohol (24:1 vol:vol) sett út í, blandað rólega og spunnið í 5 mín við 4500 rpm. Þá var 1/10 vol af 3M Natrium Acetati sett saman við ásamt 2 x rúmmáli af 96% ísköldu ethanoli, spunnið við 13000 rpm í 30 mín. Floti var hellt af og botnfallið skolað með 1ml af 70% EtOH og síðan spunnið aftur við 13000 rpm í 20 mín. Floti hellt af, þurrkað og pellett leystur upp í 100 µL af Te buffer.).

2.3.2 Jarðvegssýni

Jarðvegssýni (ca 100mL) voru skoluð í 200mL 0,9% NaCl lausn, hrist duglega nokkrum sinnum og látin standa yfir nótt. Þá var floti hellt ofan af botnfalli, það spunnið (1000 rpm 10 mín), flot hirt og spunnið aftur við 8000 rpm í 20 mín. Botnfallið, - bakteríurnar voru þá hirtar og leystar upp í sama rúmmáli af TE buffer. Síðan var phenol – chloroform aðferð (sjá í 2.3.1) notuð til að einangra DNA úr sýninu.

2.3.3 Sýni af vökva og yfirborðsbrák

Sýni af vökva og yfirborðsbrák voru spunnin beint við 8000 rpm. Botnfallið var hirt og það síðan leyst upp í sama rúmmáli af TE buffer og DNA einangrað með phenol chloroform aðferð (2.3.1) eins og áður.

2.4 PCR á 16S rRNA geninu

Algengast er að nota 16S rRNA gen baktería til tegundaákvörðunar og var það gert hér. Þynningarröð var gerð af hverju sýni (óþynnt, 10^{-1} , 10^{-2} , 10^{-3}) og voru allar þynningar prófaðar við kjarnsýrumögnun (PCR) á geninu. Mögnun var reynd með sérvirkum 16S endavísium fyrir raunbakteríur (F27 og R1544) og fornbakteríur (F23 og R1391). PCR hvarfið (4 μ l 10x polymerasa buffer; 3,3 μ l dNTP (10 μ M), 0,7 μ l Teg polymerasi (0,5U), 1,0 μ l af hvorum vísi (20 μ M) og 27,7 μ l sterilt vatn og 2,0 μ l af sýni úr hverri þynningu) var gert í tvíriti, þar sem PCR mögnunin fór fram við tvö mismunandi þörunarhitastig vísis og DNA móts, þ.e. við 42°C og 52°C. Hitiferillinn í PCR var 94°C í 4 min, (94°C í 50 sek, 42/52°C í 50 sek., 72°C í 2min) x 35 hringir; og 72°C í 7min, kælt (4°C) í lokin. Afurðirnar voru síðan rafdrengar á 1% agarosa geli með ethidium bromíð og DNA bönd af réttri stærð (~1500bp) klippt úr gelinu. Ef engin afurð fékkst úr sýninu, var endurtekið með því að nota ”gradient PCR” þar sem þörunarhitastig vísis og móts var breytilegt á bilinu milli 42 og 56°C.

2.5 Klónun og raðgreining

DNA var hreinsað úr gelbútunum með GFX aðferð skv. leiðbeiningum frá framleiðanda (Amersham Biosciences). Klónun var gerð inn í Topo plasmíð og ferjað í Top10 frumur skv. leiðbeiningum frá framleiðanda (Invitrogen). Ræktað var á skálum með LB æti með ampicillini y/n og reynt að fá ca 50 - 100 klóna alls (raunbakteríur og fornbakteríur) úr hverju sýni. Síðan var ræktað í vökvaæti y/n. Gengið var úr skugga um að genið væri á plasmíðinu með PCR hvarfi þar sem M13 F og R vísar sem parast beggja vegna innskots á plasmíðinu voru notaðir. PCR afurðin var því næst hreinsuð með Exo/Sap skv. leiðbeiningum frá framleiðanda (USB) og raðgreiningarhvarf framkvæmt með Big Dye hvarflausn. Því næst voru raðirnar greindar í Applied Biosystems 3730 raðgreini. Raðirnar voru svo yfirfarnar og flokkaðar við 98% innbyrðis samsvörun í Sequencher forritinu.

2.6 Ákvörðun á tegundasamsetningu í sýnum

Flokkar eins raða ($\geq 98\%$ skyldleiki) og stakar raðir voru bornar saman við þekktar raðir í NCBI Genbank með BLAST forriti á veraldarvefnum. Þannig fengust nánustu ættingjar hvernar raðar og jafnframt skyldleikaprósenta óþekktu raðarinnar við nánasta þekkta ættingja. Á þennan hátt fékkst yfirlit um tegundasamsetningu í hverju sýni.

2.7 Skyldleikatré

Ættartré yfir 16S rDNA raðir úr helstu fylkingum raunbaktería og fornbaktería sem fundust í sýnunum voru gerð. Röðunum var samraðað í Bioedit og Clustal tölvuforritunum og skyldleiki hverra tveggja raða metinn (Neighbour Joining) og túlkaður í svokölluðu ættartré þar sem nánir ættingjar mynda nálægar greinar. Viðmiðunarraðir voru fengnar úr Genbank. Útraðir voru valdar úr öðrum fylkingum eða ættbálkum, en þær gegna því hlutverki að sýna rót trésins. Á þennan hátt fékkst yfirlitsmynd af því að hvaða marki sýnin voru lík eða ólík innbyrðis m.t.t. tegundasamsetningar og einnig gleggri mynd af því hvort áður óþekktar tegundir eða hópar væru til staðar í sýnunum.

2.8 Líffræðilegur fjölbreytileiki

Líffræðilegur fjölbreytileiki var metinn í sýnunum með aðferð Curtis og féлага (2002) sem gefur einnig mat á áreiðanleika á greiningu sýnis, þ.e. hvort nægilega margir klónar hafi verið greindir til að gefa mynd af raunverulegum tegundafjölbreytileika og hlutföllum í sýni.


2.9 Ræktun, einangrun og tegundagreining baktería úr Jarðbaðshólasýnum.

Tilraunir voru gerðar til að rækta bakteríur úr Jarðbaðshólasýnum. Örlítið af jarðvegi var dreift á ætisskálar með 166 æti og R2A æti og ræktað við 60, 65 og 70 í 1-3 sólarhringa. Kóloníum var þá endurstrikað á samskonar æti og ræktað við sömu aðstæður. Nokkrar kóloníur voru valdar til tegundagreiningar með erfðagreiningu sem var framkvæmd með PCR á 16S rRNA geninu, og hlutaraðgreiningu á því.

3. NIÐURSTÖÐUR

3.1 Sýnataka á Kröflusvæðinu

Í sýnatökuferð sem farin var 11. september 2007 voru tekin 23 sýni alls á Kröflusvæðinu og svæðinu við Námafjall. Sýnatökustaðir á Kröflusvæðinu eru merktir inn á mynd 2. Helstu staðirnir voru gufuaugu í Suðrhliðum Kröflu, hverir suðaustan við Víti og manngerðir lækir annars vegar frá skiljustöð og hins vegar frá kæliturnum við Orkuverið í Kröflu. Ákveðið var að taka sýni úr þessum lækjum þar sem aðstaður í þeim þóttu óvenjulegar og því spennandi frá sjónarhóli hveralíffræðinnar. Lækurinn frá skiljustöðinni inniheldur efnaríkt vatn sem rennur síðan saman við náttúrulegt afrennsli í Hlíðardalslækinn (Magnús Ólafsson, munnl. uppl.). Sýrustigið er tiltölulega hátt eða pH 8-9. Lækurinn sem myndaður er úr afrennsli frá kæliturnunum einkennist af miklum kísilútfellingum. Á mynd 2 sést að ekkert sýni var tekið af svæðinu við Leirhnúk. Ætlunin er að ráða bót á þessu í heildarúttekt og samantekt sem gerð verður árið 2009.



Mynd 2. Sýnatökustaðir við Kröflu eru merktir inn á kortið með fylltum hringjum. Sýnatökustaðir í lækjunum tveimur eru sýndir sem punktar suðaustan við Orkuverið. (Kort frá ÍSOR)

3.1.1 Lækur – affall frá skiljustöð

Örverugróður hefur náð sér verulega á strik í læk sem myndast hefur úr affalli frá skiljustöðinni í Kröflu. Aðgengi að læknum er ekki auðvelt við Orkuverið, en hitastig lækjarins mældist um 84°C þar sem aðgengi var fyrst mögulegt. Hitastigið lækkar þegar neðar dregur. Sýrustig lækjarins er tiltölulega hátt eða á bilinu pH 8,5 - 9. Gróðurmottur voru vel sýnilegar við bakkana. Grænn þörungagróður virtist vaxa allt að 46°C og gulleitur gróður sem óx neðan við græna gróðurinn nær læknum við allt að 54°C (mynd 3).



Mynd 3.

Sýni var tekið úr afrennislæk frá Orkuverinu í Kröflu (L1). Við bakkana óx grænn þörungamassi við allt að 46°C en gulleitur neðar við allt að 54°C.



Mynd 4. Grá gróðurmotta undir yfirborði í læk. Sýni L2 var tekið af þessari mottu. Jafnframt var tekið vökvasýni (L3).



Mynd 5. Lækur. Sýni L4 og L5 voru tekin af hvítri mottu undir vatnsyfirborðinu (L4) og vökva (L5).

Vökvasýni (L1) var tekið úr þessum læk við 84°C. Neðar í læknum, þar sem hann er kaldari, verða gróðurmottur sýnilegar undir vatnsyfirborðinu. Sýni L2 var tekið af slíkri mottu við 65°C og sýni L3 úr vökva á sama stað (mynd 4). Sýrustigið mældist 8.5-9. Enn neðar í læknum, þar sem hitastigið

mældist um 41-43°C voru hvítar mottudræsur sýnilegar undir yfirborðinu. Sýni L4 var tekið af þessum gróðri og L5 af vökva (mynd 5).

3.1.2 Suðurhlíðar Kröflu (SH)

Suðurhlíðar Kröflu einkennast af gufuaugum og brennisteinsútfellingum sem mynda víða gulleita fláka. Sýrustigið er afar lágt þarna eða pH 1-2. Sýni voru tekin úr brennisteinsríkum gufuaugum við og ofan við um 69°C hita og reynt að ná sæmilega rakri leðju sem kynni að hafa skapað þolanlegar aðstæður lífs (mynd 6).



Mynd 6. Sýni voru tekin úr brennisteinsgufuaugum í Suðurhlíðum í Kröflu (SH1).

3.1.3 Hvítur lækur – afrennsli frá kæliturnum (HL)

Hvítur lækur er annað manngert fyrirbæri á Kröflusvæðinu (mynd 7). Þessi lækur er afrennsli frá kæliturnum í Kröflu. Vatnið frá kæliturnunum er að uppistöðu þétt gufa, þéttivatn, og því mjög efnasnautt (uppl. frá Magnúsi Ólafssyni jarðfræðingi). Hitastigið í læknum var um 44°C og sýrustig pH 5. Vökvasýni var tekið úr þessum læk (mynd 8).



Mynd 7. Hvítur lækur við Kröflu. Yfirlitsmynd



Mynd 8. Vökvasýni var tekið úr hvítum læk við 44°C .

3.1.4 Víti (V)

Víti er vatn í stórum sprengigíg 2-3 km norðan við Orkuverið í Kröflu (mynd 9). Vatnið þarna er mjög súrt eða um pH 2. Hverirnir við Víti þóttu þó áhugaverðari og voru tekin nokkur sýni úr þeim.



Mynd 9.
Hverasvæðið við
Víti. Yfirlitsmynd.

Sýni voru tekin úr hvítleitum hver við Víti þar sem hitastig mældist 63,5°C og sýrustig pH 3-3,5. (mynd 10). Sýni V1 var tekið af hvítri yfirborðsskán í hvernum en sýni V2 af vökvanum. Sýni V3 var tekið úr svartri yfirborðsbrák úr rennsli frá öðrum nálægum hver þar sem hitastigið var um 60°C en sýrustigið pH 2-3 (mynd 11). Að lokum var eitt sýni (V4) svo tekið af grænni yfirborðsskán jarðvegs, - þörungaskán (mynd 10). Þarna var hitastigið aðeins um 18°C, en sýrustigið mjög lágt og líklegt að *Cyanidium* þörungurinn, sem sést víða á súrum hverjarðvegi sé þarna á ferð.



Mynd 10. Sýni (V1) var tekið af yfirborðsskán og af vökva (V2) úr þessum hvíta, súra hver við Víti.




Mynd 11. Sýni (V3) var tekið af svartri yfirborðsbrák úr þessum hver við Víti.



Mynd 12. Sýni (V4) var tekið af grænleitri þörungaskán á yfirborði á súrum jarðvegi við Víti.

3.2 Sýnataka við Námafjall og Bjarnarflag

Sýnatökustaðir á svæðinu við Námafjall og Bjarnarflag eru merktir inn á kortið á mynd 13. Helstu sýnatökustaðirnir voru úr Hverum (Hverarönd), Bláa lóninu, brennisteinsflagi sunnan Bláa lónsins, Jarðbaðshólum og Grjótagjá. Jarðbaðshólar þóttu sérlega áhugaverðir þar sem tiltölulega lágt hitastig og herra sýrustig en gengur og gerist á svæðinu og mikill raki einkennir þá. Þessar aðstæður eru vænlegar til lífs og þótti því fýslegt að taka þar nokkur sýni. Af þessu svæði vantar þó enn sýni úr brennisteinsþúfum við Námafjall sem verður að bíða heildarúttektar og lokaskýrslu árið 2009.



Mynd 13. Sýnatökustaðir á svæðinu við Námafjall og Bjarnarflag. Flest sýni voru tekin í Jarðbaðshólum. (Kort frá ÍSOR)

Sýnin sem voru tekin á sýnatökusvæðunum við Kröflu og Námafjall voru fjölbreytt að gerð, þ.e. vökvasýni, lífmassasýni og jarðvegssýni. Þau voru einnig fjölbreytt hvað varðar hitastig og sýrustig.

3.2.1 Hverir (HV)

Neðan Námafjalls, rétt við þjóðveginn austur um Mývatnsöræfi, er stórt háhitasvæði, sem heitir Hverir eða Hverarönd. Svæðið er allt, eins og Námafjall, ummyndað af jarðhita, kísil, gipsi og brennisteinsúrfellingum og einkennist mjög af vatnsríkum, bullandi leirhverum. Svæðið hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og hefur tréstígum verið komið fyrir víðsvegar í öryggisskyni. Sýni var tekið úr leðju úr hver á svæðinu og réð aðgengið vali hversins (mynd 14). Hitastigið var hátt eða 90-93°C og sýrustig lágt eða pH 3.



Mynd 14.
Hverir (Hverarönd).
Bullandi vatnsríkir
leirhverir eru ein-
kennandi fyrir
hverasvæðið.

3.2.2 Bjarnarflag lón

Lónið í Bjarnarflagi er myndað úr affalli frá skiljustöðinni (mynd 15). Innrennslið er í NA horni lónsins og síðan rennur úr því ofan í opna sprungu vestanmegin. Lónið naut talsverðra vinsælda sem baðstaður um árabíl og þótti minna um margt á Bláa lónið á Reykjanesi sem er myndað á svipaðan hátt. Meginmunurinn liggur þó í mismunandi seltu þessara lóna. Mývetningar opnuðu baðstað ofan við Jarðbaðshóla fyrir nokkrum árum og hefur neðra lónið því mun minna aðdráttarafl nú. Sýni var tekið úr vatninu í lóninu í Bjarnarflagi. Hitastigið mældist 32°C þar sem sýnið var tekið og sýrustig pH 5.



Mynd 15. Vökvasýni var tekið úr lóninu í Bjarnarflagi. Hitastigið mældist um 32°C.

3.2.3 Brennisteinsflag

Þegar lagt er af stað eftir afleggjaranum að Jarðböðunum í Mývatnssveit sjást gulleitir flákar, eða brennisteinsflag neðan vegar. Tvö sýni voru tekin neðan vegarins, annars vegar yfirborðssýni af útfellingum (B2) við 43,5°C og pH 2 (mynd 16) og hins vegar af gulum brennisteinsútfellingum (B3) á u.þ.b. 10cm dýpi þar sem hitastigið var um 72°C og pH 2 (mynd 16).



Mynd 16. Sýni B2 var tekið af útfellingum á yfirborði og sýni B3 af jarðvegi (brennisteinsútfellingum) á um. 10cm dýpi.

3.2.4 Jarðbaðshólar

Jarðbaðshólar eru sunnan og suðvestan við Bjarnarflag. Jarðbaðshólar eru úr gjalli og leitar gufan upp úr sprungum upp í gljúpt gjallið (mynd 17). Svona fyrirbæri sjást víðar á Íslandi, t.d. á Námafjallssvæðinu (Rauðaborg), í Leirhnjúki, Fremrinámum og Eldvörpum á Reykjanesi (allt gjallhólar) og einnig við efstu uppvörpin í Laugahrauni (gljúpt hraun). Svona fyrirbæri finnast líka erlendis t.d. í Kenya (Magnús Ólafsson, munnl. uppl.).



Mynd 17.
Frá Jarðbaðshólum.
Gufstrókar líða upp úr jarðveginum.

Sýni JB1-JB6 voru tekin víðs vegar af yfirborði þar sem gufan virtist stíga upp. Öll þessi sýni voru jarðvegssýni, nema JB4 sem var tekið af lífmassa. Sýni JB1 var tekið þar sem hitastigið mældist um 56°C og pH 5-6 (mynd 18).



Mynd 18. Sýnatökustaður JB1 í Jarðbaðshólum.

Sýni JB 2 var tekið af jarðvegi umhverfis gufuauga þar sem hitastigið var á bilinu 60-84°C (mynd 16). Sýni JB3 var tekið af jarðvegi við 83.3°C og pH 5-6 (mynd 19). Sýni JB4 var tekið af þörungaskán við gufuauga þar sem hitastigið var á bilinu 40-55°C (mynd 20). Sýni JB5 var tekið af jarðvegi við gufuauga þar sem hitastig mældist á bilinu 35-55°C (mynd 21). Þarna var þörungaskán sýnileg og mikill raki. Sýrustigið á JB5 mældist pH 4-5. Sýni JB6 var tekið við gufuauga ofarlega í hlið þar sem hitastigið mældist 71.7°C og pH 5 (mynd 22).



Mynd 16. Sýni JB2 var tekið af jarðvegi við 60-84°C



Mynd 17. Sýni JB3 var tekið úr jarðvegi við gufuuppstreymi í Jarðbaðshólum



Mynd 18. Sýni JB4 var af grænni þörungaskán við gufuauga í Jarðbaðshólum. Hitastigið var um 40°C.



Mynd 19. Sýni JB5 var tekið af jarðvegi við gufuauga.



Mynd 20. Sýni JB6 var tekið við gufuauga ofarlega í hlíð í Jarðbaðshólum.

3.2.5 Grjótagjá og Stóragjá

Nær allir hverir á Kröflusvæðinu eru leirhverir. Frá þeim renna ekki heitir lækir nema neðanjarðar og er Grjótagjá frægt dæmi um slíkan læk. Segja má að Grjótagjá nái inn í Bjarnarflag. Stóragjá er hins vegar langt frá Bjarnarflagi. Gömlu baðstaðirnir í Grjótagjá eru talsvert sunnan við Bjarnarflag. Það þótti áhugavert að kanna lífríki Grjótagjár og var tekið sýni úr henni. Einnig var tekið sýni til frumefnamælinga úr Stórugjá.

3.3 Mælingar

Tafla 1 gefur yfirlit um sýnatökustaði, hitastigs- sýrustigs- og leiðnimælingar á vökvasýnum, gerðir sýna og athugasemdir. Eins og sjá má mældist hitastig á sýnatökustöðunum á bilinu 28°C – 93°C og sýrustig pH 1-9.

TAFLA 1. Sýni, sýnatökustaðir og helstu mælingar.

Staður	Sýni	Númer	T°C	pH	Leiðni µS/ cm ²	Gerð sýnis	Nánar um sýni
Lækur-1	L1	9	46-54	8,5-9		Vökvi	Síað 0,45µ. Frumefnamæling.
Lækur-2	L2	10	65°C	8,5-9		Lífmassi	Grá gróðurhula við lækjarbakka.
Lækur-3	L3	8	65	8,5-9	5800	Vökvi	Síað 0,45µ. Frumefnamæling.
Lækur-4	L4	2	41	8-9		Lífmassi	Hvít motta undir yfirborði.
Lækur-5	L5	3	43	8-9	3000	Vökvi	Frumefnamæling.
Suðurhlíðar	SH1	11	69,5	2-4		Jarðvegur	Brennisteinsleðja.
Hvítur lækur	HVL	1	44	5	3900	Vökvi	Spunnið . Frumefnamæling.
Víti-1	V1	12	63°C	2-3		Yfirborðsskán	Hvítur pollur – hvít skán.
Víti-2	V2	4	63	3-3,5	3300	Vökvi	Spunnið. Frumefnamæling.
Víti-3	V3	13	60	2-3		Yfirborðsskán	Grábrúnn lækur, svört brák
Víti-4	V4	14	18	2-3		Jarðvegur	Græn yfirborðsskán, - Cyanidium?
Hverir-1	HV	15	90-93	3		Leðja	Grár bullandi hver.
Bjarnarflag lón	BFL	5	32	5	2100	Vökvi	Frumefnamæling.
Brennisteinsflag	B2	16	43,5	2		Útfellingar	Brennisteinsjarðvegur.
Brennisteinsflag	B3	17	71,9	2		Jarðvegur	Brennisteinsjarðvegur 10cm dýpi.
Jarðbaðshólar 1	JB1	18	56	5-6		Jarðvegur	Við gufuop.
Jarðbaðshólar 2	JB2	19	60-84	5-6		Jarðvegur	Við gufuop.
Jarðbaðshólar 3	JB3	20	83,3	5-6		Jarðvegur	Við gufuop.
Jarðbaðshólar 4	JB4	21	40-55	5-6		Lífmassi	Græn skán við gufuauga.
Jarðbaðshólar 5	JB5	22	35-55,5	4-5		Jarðvegur	Þörungaskán, mikill raki.
Jarðbaðshólar 6	JB6	23	71,7	5		Jarðvegur	Gufuauga ofarlega í hlið.
Gtjóttagjá	GG	6	46-47	6,5-7	3600	Vökvi	Frumefnamæling.
Stóragjá	SG	7	28	6-6,5	450	Vökvi	Frumefnamæling.

Frumefnamælingar (ICP-MS) voru gerðar á vökvasýnunum. Gildin í töflu 2 sýna niðurstöður þessara mælinga. Það skal tekið fram að þessar niðurstöður gefa aðeins gróft mat á frumefnasamsetningu í óþekktu sýni og að gera má ráð fyrir skekkju upp á +/- 25%.

TAFLA 2. Frumefnamælingar í vökvasýnum úr Lækjum við Kröflu, Bláa lónið í Bjarnarflagi, Grjótagjá og Stórugjá.

Frum-efni	HVL Sýni 1	L5 Sýni 2	V2 Sýni 4	BFL Sýni 5	GG Sýni 6	SG Sýni 7	L3 Sýni 8	Krani Kontrol
Li	2.3 µg/l	29.7 µg/l	1.0 µg/l	29.3 µg/l	3.8 µg/l	2.1 µg/l	50.7 µg/l	32.3 ng/l
Be	<28 ng/l	<28 ng/l	260.0 ng/l	<28 ng/l	<28 ng/l	<5.6 ng/l	<56 ng/l	<2.8 ng/l
B	24.7 µg/l	180.0 µg/l	6.3 µg/l	383.3 µg/l	94.0 µg/l	42.7 µg/l	303.3 µg/l	2.1 µg/l
C	16.3 mg/l	13.0 mg/l	13.7 mg/l	10.3 mg/l	12.0 mg/l	7.8 mg/l	21.7 mg/l	3.9 mg/l
Na	4.9 mg/l	38.3 mg/l	1.2 mg/l	24.7 mg/l	19.0 mg/l	15.7 mg/l	66.0 mg/l	3.7 mg/l
Mg	1.2 mg/l	780.0 µg/l	9.0 mg/l	436.7 µg/l	780.0 µg/l	1.5 mg/l	406.7 µg/l	273.3 µg/l
Al	7.9 µg/l	186.7 µg/l	8.3 mg/l	553.3 µg/l	12.0 µg/l	2.1 µg/l	353.3 µg/l	3.6 µg/l
P	30.7 µg/l	22.7 µg/l	73.0 µg/l	20.0 µg/l	21.7 µg/l	4.0 µg/l	34.3 µg/l	6.1 µg/l
S	15.0 mg/l	28.3 mg/l	90.0 mg/l	32.7 mg/l	10.0 mg/l	10.0 mg/l	38.3 mg/l	0.95 mg/l
Cl	1.9 mg/l	10.0 mg/l	736.7 µg/l	10.3 mg/l	4.5 mg/l	2.7 mg/l	16.3 mg/l	3.2 mg/l
K	416.7 µg/l	3.5 mg/l	186.7 µg/l	3.2 mg/l	1.4 mg/l	1.0 mg/l	6.1 mg/l	89.3 µg/l
Sc	1.6 µg/l	8.9 µg/l	10.0 µg/l	15.0 µg/l	4.1 µg/l	2.3 µg/l	12.3 µg/l	673.3 ng/l
Ti	1.1 µg/l	5.6 µg/l	24.0 µg/l	9.6 µg/l	3.2 µg/l	1.8 µg/l	8.2 µg/l	430.0 ng/l
V	3.2 µg/l	1.8 µg/l	99.3 µg/l	1.3 µg/l	136.7 ng/l	8.5 µg/l	523.3 ng/l	5.0 µg/l
Mn	400.0 ng/l	2.2 µg/l	540.0 µg/l	7.6 µg/l	8.9 µg/l	1.0 µg/l	5.0 µg/l	826.7 ng/l
Fe	213.3 µg/l	200.0 µg/l	44.0 mg/l	473.3 µg/l	180.0 µg/l	34.7 µg/l	380.0 µg/l	123.3 µg/l
Co	17.3 ng/l	17.7 ng/l	6.1 µg/l	52.3 ng/l	17.0 ng/l	36.7 ng/l	26.7 ng/l	16.0 ng/l
Ni	1.1 µg/l	666.7 ng/l	28.7 µg/l	626.7 ng/l	616.7 ng/l	246.7 ng/l	1.2 µg/l	106.7 ng/l
Cu	543.3 ng/l	616.7 ng/l	3.6 µg/l	520.0 ng/l	540.0 ng/l	256.7 ng/l	1.0 µg/l	120.0 ng/l
Zn	6.2 µg/l	4.8 µg/l	47.3 µg/l	8.1 µg/l	4.0 µg/l	1.3 µg/l	4.9 µg/l	95.7 µg/l
Ga	170.0 ng/l	1.0 µg/l	1.5 µg/l	2.3 µg/l	203.3 ng/l	133.3 ng/l	2.1 µg/l	123.3 ng/l
Ge	656.7 ng/l	8.5 µg/l	4.6 µg/l	10.0 µg/l	5.2 µg/l	1.9 µg/l	14.0 µg/l	36.3 µg/l
As	2.3 µg/l	5.1 µg/l	633.3 ng/l	29.3 µg/l	526.7 ng/l	290.0 ng/l	11.3 µg/l	42.3 ng/l
Se	1.6 µg/l	1.7 µg/l	1.8 µg/l	1.5 µg/l	1.2 µg/l	566.7 ng/l	2.8 µg/l	233.3 ng/l
Br	13.7 µg/l	59.0 µg/l	7.3 µg/l	77.3 µg/l	32.7 µg/l	20.0 µg/l	99.3 µg/l	18.3 µg/l
Rb	9.3 µg/l	45.7 µg/l	1.0 µg/l	28.3 µg/l	7.6 µg/l	3.9 µg/l	83.0 µg/l	203.3 ng/l
Sr	4.6 µg/l	10.0 µg/l	40.3 µg/l	5.2 µg/l	9.1 µg/l	17.7 µg/l	15.0 µg/l	1.7 µg/l
Y	<3 ng/l	7.3 ng/l	12.7 µg/l	41.7 ng/l	7.9 ng/l	3.9 ng/l	18.3 ng/l	0.4 ng/l
Zr	7.0 ng/l	<6.2 ng/l	293.3 ng/l	13.0 ng/l	<6.2 ng/l	7.2 ng/l	14.0 ng/l	<0.62 ng/l
Nb	<3.6 ng/l	<3.6 ng/l	19.7 ng/l	<3.6 ng/l	<3.6 ng/l	<0.73 ng/l	<7.3 ng/l	<0.36 ng/l
Mo	41.0 ng/l	826.7 ng/l	72.0 ng/l	820.0 ng/l	72.7 ng/l	393.3 ng/l	1.8 µg/l	34.7 µg/l
Ru	<19 ng/l	<19 ng/l	<19 ng/l	<19 ng/l	<1.9 ng/l	<3.9 ng/l	<39 ng/l	<1.9 ng/l
Rh	<3.5 ng/l	<3.5 ng/l	<3.5 ng/l	<3.5 ng/l	<3.5 ng/l	<0.71 ng/l	<7.1 ng/l	<0.35 ng/l
Pd	<16 ng/l	<16 ng/l	370.0 ng/l	<16 ng/l	<16 ng/l	14.0 ng/l	<33 ng/l	3.4 ng/l
Ag	<8.4 ng/l	13.0 ng/l	10.7 ng/l	69.3 ng/l	<10 ng/l	4.3 ng/l	20.7 ng/l	1.4 ng/l
Cd	<37 ng/l	<37 ng/l	<37 ng/l	<37 ng/l	<3.7 ng/l	<7.5 ng/l	<75 ng/l	7.3 ng/l
Sn	72.7 ng/l	52.3 ng/l	57.0 ng/l	55.0 ng/l	45.3 ng/l	12.7 ng/l	135.7 ng/l	5.5 ng/l
Sb	15.0 ng/l	166.7 ng/l	15.5 ng/l	270.0 ng/l	<12 ng/l	8.5 ng/l	220.0 ng/l	3.2 ng/l
Te	<210 ng/l	<210 ng/l	<210 ng/l	<210 ng/l	<210 ng/l	<43 ng/l	<430 ng/l	<21 ng/l
I	1.9 µg/l	3.4 µg/l	1.8 µg/l	4.0 µg/l	2.0 µg/l	1.1 µg/l	5.8 µg/l	283.3 ng/l
Cs	143.3 ng/l	2.3 µg/l	54.7 ng/l	943.3 ng/l	54.7 ng/l	19.0 ng/l	4.2 µg/l	1.4 ng/l
Ba	3.9 µg/l	4.5 µg/l	46.3 µg/l	8.9 µg/l	5.5 µg/l	4.9 µg/l	5.9 µg/l	433.3 ng/l
La	74.3 ng/l	440.0 ng/l	4.6 µg/l	110.0 ng/l	96.3 ng/l	37.7 ng/l	129.7 ng/l	9.8 ng/l
Ce	<3.4 ng/l	6.7 ng/l	12.0 µg/l	34.0 ng/l	11.3 ng/l	<0.68 ng/l	14.3 ng/l	<0.34 ng/l
Pr	<2.8 ng/l	<2.8 ng/l	2.0 µg/l	5.1 ng/l	<2.8 ng/l	<0.56 ng/l	<5.6 ng/l	<0.28 ng/l
Nd	<16 ng/l	<16 ng/l	10.3 µg/l	28.3 ng/l	<16 ng/l	<3.3 ng/l	<33 ng/l	<1.6 ng/l
Sm	<20 ng/l	<20 ng/l	3.4 µg/l	<20 ng/l	<20 ng/l	<4 ng/l	<40 ng/l	<2 ng/l
Eu	<5.6 ng/l	<5.6 ng/l	1.3 µg/l	<5.6 ng/l	<5.6 ng/l	<1.1 ng/l	<11 ng/l	<0.56 ng/l
Gd	<18 ng/l	<18 ng/l	4.1 µg/l	<18 ng/l	<18 ng/l	<3.6 ng/l	<36 ng/l	<1.8 ng/l
Tb	<3 ng/l	<3 ng/l	703.3 ng/l	<3 ng/l	<3 ng/l	<0.6 ng/l	<6 ng/l	<0.3 ng/l
Dy	<12 ng/l	<12 ng/l	4.4 µg/l	<12 ng/l	<12 ng/l	<2.5 ng/l	<25 ng/l	<1.2 ng/l
Ho	<3.2 ng/l	<3.2 ng/l	880.0 ng/l	<3.2 ng/l	<3.2 ng/l	<0.64 ng/l	<6.4 ng/l	<0.32 ng/l
Er	<9.6 ng/l	<9.6 ng/l	2.5 µg/l	<9.6 ng/l	<9.6 ng/l	<1.9 ng/l	<19 ng/l	<0.96 ng/l
Tm	<3.2 ng/l	<3.2 ng/l	346.7 ng/l	<3.2 ng/l	<3.2 ng/l	<0.64 ng/l	<6.4 ng/l	<0.32 ng/l
Yb	<14 ng/l	<14 ng/l	2.2 µg/l	<14 ng/l	<14 ng/l	<2.9 ng/l	<29 ng/l	<1.4 ng/l
Lu	<3.3 ng/l	<3.3 ng/l	336.7 ng/l	<3.3 ng/l	<3.3 ng/l	<0.67 ng/l	<6.7 ng/l	<0.33 ng/l
Hf	<12 ng/l	<12 ng/l	36.3 ng/l	<12 ng/l	<12 ng/l	<2.4 ng/l	<24 ng/l	<1.2 ng/l
Ta	<3.8 ng/l	<3.8 ng/l	7.6 ng/l	<3.8 ng/l	<3.8 ng/l	<0.76 ng/l	<7.6 ng/l	<0.38 ng/l
W	81.0 ng/l	1.8 µg/l	48.7 µg/l	1.1 µg/l	610.0 ng/l	346.7 ng/l	3.4 µg/l	20.3 ng/l
Re	<10 ng/l	<10 ng/l	<10 ng/l	<10 ng/l	<10 ng/l	<2.1 ng/l	<21 ng/l	<1 ng/l
